

Ed.

771. Nefndarálit

[321. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 11. maí 1977, sbr. l. nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

I.

Þegar bygging járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og samningurinn við Elkem-Spigerverket var til umræðu á Alþingi 1977 beitti Alþýðubandalagið sér gegn því máli. Af hálfu Alþýðubandalagsins var því þá m. a. haldið fram að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins væri mjög ótraustur, flest táknu bentu til þess að hallarekstur yrði á fyrirtækinu þrátt fyrir það að orkuverð, sem verksmiðjan ætti að greiða, væri undir framleiðslukostnaði. Þingflokkur Alþýðubandalagsins benti einnig á að ýmis atriði í samningnum við Elkem væru okkur óhagstæð. Þar hefði ekki verið nógu vel staðið að okkar hlut. Frumvarp þetta, sem iðnaðarráðherra leggur nú fram, er staðfesting á því að Alþýðubandalagið hafði á réttu að standa. Það felur í sér heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera sérstakar ráðstafanir vegna uppsafnaðs taps fyrirtækisins sem nú nemur 390 millj. ísl. króna. Í árslok 1982, eftir 5 ára rekstur var uppfært heildartap á tapreikningi 39,7 millj. USD, 1160 millj. ísl. kr. 55% af því eru 640 millj. kr. (11 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu).

Alþingi stendur nú frammi fyrir því að flest, sem sagt var um rekstrarhæfni þessa fyrirtækis af rekstrarsérfræðingum og stuðningsmönnum málsins í ríkisstjórn og á Alþingi um það að hér væri á ferðinni mjög arðbært fyrirtæki sem mundi skila verulegum arði, hefur reynst haldlaust.

Í þessari stöðu, sem ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks 1974—78 kom þjóðinni í, eru flestir kostir vondir. Sýnu verst er þó að stöðva rekstur fyrirtækisins. Það verður því ekki undan því vikist að fram fari fjárhagsleg endurskipulagning á fyrirtækinu til þess að gera tilraun til að koma því á viðunandi, heilbrigðan rekstrargrundvöll. Fyrirtækið er stór þáttur í atvinnulífi fjölmenns héraðs og þjóðin er bundin miklum skuldbindingum vegna fjárfestinga í þessu fyrirtæki og í orkufyrirtækjum sem því tengjast.

Hvort sú endurskipulagning, sem nú er lagt til að farin verði, er sú æskilegasta má deila um. Mér virðist það vera augljóst mál að með því að bæta við þriðja eignaraðilanum að fyrirtækinu verði meirihlutaaðstaða ríkisins erfiðari á þann veg að hætt sé við að fyrirtækin Elkem og Sumitomo verði sameiginlega sterkari sem minni hluti gegn ríkinu heldur en Elkem var eitt áður. Þessi ókostur virðist hafa komið strax fram í sambandi við gerð samningsins við Sumitomo. Svo virðist sem þessi fyrirtæki hafi staðið bróðurlega saman að því að halda inni og skipta á milli sín þeim ágóðahlut úr rekstri fyrirtækisins sem Elkem hafði náð með samningunum við stofnun fyrirtækisins.

Á fundi iðnaðarnefndar deildarinnar voru viðskipti Járnblendifélagsins við Elkem og Sumitomo rædd. Til orðræðu og upplýsinga við nefndina voru mættir Jón Sigurðsson forstjóri járnblendiverksmiðjunnar, Ragnar Árnason hagfræðingur og Jóhannes Nordal seðlabankastjóri. Þar kom m. a. fram að svokallað tæknigjald, sem verksmiðjan hefur greitt til Elkem, 3% af söluandvirði, skal óbreytt standa í nýju samningunum. Fram kom að gjald sem þetta væri algengt í viðskiptum óskyldra aðila 0,5—1,5% og hefði því alltaf verið af öðrum toga en sem raunverulegt tæknigjald, — þ. e. aukagreiðsla til Elkem út úr rekstri fyrirtækisins. Það kom fram í ræðu iðnaðarráðherra við 1. umr. málsins hér í deildinni, svo og einnig í greinargerð frumvarpsins, að Sumitomo hefði ekki talið ástæðu til að lækka þetta gjald. Þessi afstaða Sumitomo til greiðslu svo mikils tæknigjalds til Elkem er að mínu mati

áþending um það að ástæða sé til að varast tilhneigingu þessara eignaraðila um sameiginlega afstöðu þeirra gegn réttmætum leiðréttingum þegar íslenska ríkið þarf að sækja sinn rétt.

Eins og iðnaðarráðherra sagði við 1. umr. málsins hefur rekstur járnblendiverksmiðjunnar gengið vel að öðru leyti en því að fyrirtækið hefur tapað allan sinn rekstrartíma. Það mundi sums staðar ekki þykja góður rekstur. Hvað er það þá sem hefur gengið vel? Það sem hefur gengið vel er tæknilegur rekstur verksmiðjunnar. Verksmiðjan getur skilað mun meiri afköstum en ráðgert var og hefur gert það þegar söluaðstæður hafa verið góðar. Bilanatíðni í verksmiðjunni er í lágmarki. Gangsetning ofna verksmiðjunnar tók mjög stuttan tíma. Fyrri ofninn var kominn í full afköst eftir hálfan mánuð og sá síðari eftir svipaðan tíma. Ekki er talið neitt óeðlilegt við það að gangsetning slíkra ofna taki allt upp í 6 mánaða tíma.

Ég tel mig geta fullyrt það að þessi góði tæknilegi rekstur verksmiðjunnar er fyrst og fremst því að þakka að verksmiðjan hefur á að skipa mjög góðu starfsliði sem hefur tileinkað sér þau vinnubrögð sem við á og kunna þarf. Það er því harla neikvætt þegar möguleiki gefst til þess að endurskoða greiðslu 3% tæknigjalds til Elkems að þáttur starfsliðsins, sem að ofan greinir og sem hefur forðað fyrirtækinu frá enn stórkostlegra tapi á undanförunum árum, skuli ekki koma fram í lækkuðu tæknigjaldi til Elkem. Ástæðan kann að vera sú að samningamenn okkar sömdu af sér 1976—77 í sambandi við þennan þátt, sem og fleiri í þessu máli, og Elkem fær nú Sumitomo til að halda þessu inni með því að bjóða því bandalag gegn samningamönnum okkar nú og íslenska ríkinu.

Elkem hefur fengið 40 norskar kr. á tonn, eða um 1% af söluandvirði sem sölugjald fyrir að annast sölu á framleiðslu verksmiðjunnar. Nú mun Sumitomo kaupa fyrir aðila sér tengda 20 þús. tonn af ársframleiðslunni. Samkv. hinum nýja samningi mun Sumitomo fá þetta sölugjald, þ. e. 40 norskar kr. á tonn á þá framleiðslu er fyrirtækið selur sínum aðilum í Japan, — þótt varla sé þar um venjulega sölustarfsemi að ræða.

Þá er þess að geta að full ársafköst verksmiðjunnar eru 54—56 þúsund tonn. Með þessum samningi er ekki trygging fyrir sölu á þeirri framleiðslu, en slíkt hefði mjög bætt líkur á því að verksmiðjan bæri sig.

II.

Vandamál Íslenska járnblendifélagsins (ÍJ) kom til kasta ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens snemma árs 1982. Í skýrslu starfshóps, sem iðnaðarráðherra skipaði og lögð var fram í mars 1982, kom fram að fjárhagsvandi fyrirtækisins væri afar mikill eða af svipaðri stærðargráðu og sú endurfjármögnun sem nú er gerð tillaga um.

Á síðari hluta árs 1982 hóf iðnaðarráðuneytið og Elkem viðræður sín á milli um framtíðarlausn fjárhagserfiðleika ÍJ og 1. nóv. 1982 féllst ráðuneytið á það fyrir sitt leyti að hafnar yrðu viðræður við japanska fyrirtækið Sumitomo (sbr. fylgiskjal I), fyrst og fremst með það fyrir augum að koma á langtíma sölusamningi við Sumitomo. Lagði iðnaðarráðuneytið þá á það áherslu að í kjölfar verulegra breytinga á samstarfi þáverandi hluthafa væri eðlilegt að taka til endurskoðunar ákvæði í samstarfssamningum aðila sem snertu **sölumál, orkukaup og tæknisamvinnu** (sbr. aftur fylgiskjal I, 3. lið).

Í þeim þríhliða viðræðum við Sumitomo og Elkem, sem í kjölfarið fylgdu, voru þessi sjónarmið ítrekuð af Íslands hálfu og nánar útfærð. Þetta kemur skýrt fram í greinargerð um stöðu samningaviðræðna sem samningamenn Íslands rituðu ráðherra 25. maí 1983 og prentuð er sem fylgiskjal með þessu álit. Þar er afstöðu Íslands lýst sem hér segir:

- 1) Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að ÍJ ef vissum skilyrðum, til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og ÍJ, er fullnægt.
- 2) Helstu atriði af þessu tagi eru:
 - (i) Ísland haldi meirihlutaeign sinni í ÍJ.
 - (ii) Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að ÍJ.
 - (iii) Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu ÍJ, t. d. 15—20 þús. tonn árlega á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.

- (iv) Full nýting afkastagetu ÍJ verði tryggð.
- (v) Samningar ÍJ og Elkem varðandi tækniþóknun og söluþóknun verði endurskoðaðir. (Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0,5% og söluþóknun lækki eða falli niður).
- (vi) Rafmagnssamningur ÍJ og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum.
 - (a) Forgangsorkuverð hækki í 17,5 mill.
 - (b) Orkuverðið verði verðtryggt.
 - (c) Orkuverðið verði ákveðið í SDR.
 - (d) Hlutfalli forgangs- og afgangsortku verði hugsanlega breytt.
- (vii) ÍJ taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna.

Síðan er rætt um þá endurfjármögnun ÍJ sem nauðsynleg yrði og því lýst að í tengslum við hana sé lagt til að Ísland geri eftirtaldir kröfur:

1. Endurgreiðsla sérstaks vaxtalauss hluthafaláns verði eins hröð og greiðslustaða fyrirtækisins leyfir.
2. Ísland eigi kost á því að breyta útistandandi sérstöku hluthafaláni í hlutabréf á sama verði og Sumitomo kaupir þau.
3. Skattinneign (tapsreikningur) ÍJ í árslok 1983 verði felld niður. (Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands.)
4. Hluti af hagnaði fyrirtækisins á næstu árum verði lagður í innlendan fjárfestingarsjóð. Í bréfi 23. maí 1983 (fylgiskjal III) fól ráðherra sérstakri samninganefnd að framfylgja ofangreindum sjónarmiðum. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum um samningsramma kemur í ljós að þar fer fjarska lítið fyrir þessum hagsmunamálum Íslands:
 - 1) Full nýting afkastagetu ÍJ er ekki tryggð.
 - 2) Tæknigjaldið hefur ekki verið lækkað.
 - 3) Í gildandi rafmagnssamningi á milli Landsvirkjunar og ÍJ eru ákvæði um endurskoðun, m. a. ef breytingar verða á hlutfallslegu orkuverði hér á landi og á erlendum mörkuðum (sbr. fylgiskjal IV). Frá því að rafmagnssamningurinn var undirritaður í júlí 1979 hafa einmitt mjög verulegar breytingar átt sér stað á þessu hlutfalli. Í þeim samningsramma, sem upplýst hefur verið um, er hins vegar vikið að raforkuverðinu gagnvart þriðja aðila með þeim hætti að erfitt er að túlka það öðruvísi en svo að Ísland falli frá endurskoðunarréttinum, a. m. k. um nokkurra ára skeið. Hvað raforkuverðið snertir kann því að vera um hreina afturför að ræða.
 - 4) Ávinningur hvað söluþóknun og þátttöku Íslands í sölumálum snertir er hverfandi.
 - 5) Skattinneign (þ. e. tapsreikningur ÍJ) hefur ekki verið lækkuð, hvað þá heldur felld niður, þrátt fyrir að tap fyrirtækisins eigi nú að jafna með óafturkræfum framlögum. Þessi reikningur er nú í námunda við 1200 millj. kr. Niðurfelling hans hefði því getað aukið tekjuskattstekjur Íslands af rekstri fyrirtækisins um allt að 600 millj. kr.

III.

Það ber að vona að þær ráðstafanir til endurskipulagningar á fjárhag Íslenska járnblendifélagsins hf. að Grundartanga, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, nái tilætluðum árangri og fjárhagslegur rekstur fyrirtækisins á næstu árum og áratugum verði ekki með þeim hætti sem verið hefur hingað til. Sú niðurstaða er þó engan veginn tryggð. Staða félagsins nú og nauðsyn á endurfjármögnun er staðfesting á að gagnrýni Alþýðubandalagsins á samningana 1976—77 var rétt.

Það endurtekur sig enn, með þeim samningum sem nú er verið að gera, að samstarfsaðilarnir fleyta rjómann af samningnum. Hér er það fyrst og fremst Elkem sem hefur komið ár sinni vel fyrir borð, það minnkar sínar skuldbindingar án þess að missa nokkrar tekjur. Í þessu sambandi vil ég tilfæra hér eftirfarandi úr nefndaráliti Ingvars Gíslasonar í Nd. 1977 er frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var þar til umræðu:

„Elkem-Spigerverket er myndarlegt og traust fyrirtæki, en engin góðgerðarstofnun fremur en við er að búast. Það er ekki eins og að hafa himin höndum tekið að þurfa í slíkum viðskiptum sem þessum að hrekjast frá einum auðhringnum til annars, hvort sem hann á heimilisfang í New York eða Osló.“ Nú mætti bæta hér við Tokyo.

Því verður ekki á móti borið að samningsaðstaða okkar hefur verið erfið við þessa samningsgerð. Stór hluti þeirra erfiðleika var vegna þess að fyrri samningur var óhagstæður. Sömu flokkar báru málið fram þá og eru nú í reynd að viðurkenna sín eigin mistök. Samningsstaðan nú var þó ekki það erfið að hún réttlæti þá eftirgjöf sem í þeim felst.

Enda þótt margir og stórir gallar, eins og sagt hefur verið, séu í þeim samningsramma sem undirritaður hefur verið tel ég þó að í hinni fjárhagslegu endurskipulagningu felist nokkur ávinningur fyrir Íslenska járnblendifélagið. Ég mun því ekki leggja gegn framgangi frumvarpsins heldur sitja hjá við afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. maí 1984.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

BRÉF IÐNAÐARRÁÐUNEYTISINS TIL ELKEM

Elkem A/S
Hovedkontoret
Middenthusgate 27
Postboks 530, OSLO 3,
NORGE

I/152 Nov. 1, 1982

Att.: Dir. Rolf Nordheim
Dir. Gunnar Viken
Copy: Dir. J.P. Romsaas

Referring to our meeting in the Ministry of Industry on October 7, 1982, The Ministry confirms the following:

1. The Ministry of Industry is in agreement that discussions be taken up with a Japanese party with a view to securing in a greater extent the basis for the sale of products of Icelandic Alloys and its operating results in the future.
In the Ministry's opinion it is appropriate that both shareholders of Icelandic Alloys, Elkem and the Government of Iceland, be represented in such discussions.
2. The principal goal of the discussions should be to establish a long-term contract for sales of ferrosilicon to Japan on terms which may be considered favourable to Icelandic Alloys. The Ministry can accept partial ownership of the Japanese party in the Company as a part of such arrangement, provided always that the Government of Iceland would maintain its majority position. The Ministry feels that it would be desirable to effect such new participation by an increase in the share capital.
3. In view of the changes which would follow from the above arrangement for the cooperation of the present shareholders and the operating conditions of the Company, the Ministry is of the opinion that it would be reasonable to take up for consideration some desirable or necessary changes in the present contracts, i. a. regarding marketing, purchase of power and technical cooperation.

The proposed discussions must not, however, affect the established policy of the present shareholders of the Company to safeguard the financial status and continuous operation of Icelandic Alloys.

Very truly yours,
Hjörleifur Guttormsson
Minister of Industry.

(Pýðing úr ensku.)

Með tilvísun til fundar okkar í iðnaðarráðuneytinu hinn 7. október 1982 staðfestir ráðuneytið eftirfarandi:

1. Iðnaðarráðuneytið fellst á að teknar séu upp viðræður við japanskan aðila með það fyrir augum að tryggja betur grundvöllinn fyrir sölu framleiðslu Íslenska járnblendifélagsins og rekstrarafkomu þess í framtíðinni.

Að álitum ráðuneytisins er viðeigandi að báðir hluthafarnir í Íslenska járnblendifélaginu, Elkem og ríkisstjórn Íslands, eigi fulltrúa í slíkum viðræðum.

2. Helsta markmið viðræðanna ætti að vera að gera langtímasamning um sölu járnblendis til Japans með skilmálum sem telja má hagstæða fyrir Íslenska járnblendifélagið. Ráðuneytið getur fallist á hlutdeild japanska aðilans í félaginu sem hluta slíks samnings, en jafnan að því tilskildu að ríkisstjórn Íslands haldi meirihlutaáðstöðu sinni. Ráðuneytið telur að æskilegt væri að framkvæma slíka nýja þátttöku með aukningu hlutafjár.
3. Með tilliti til þeirra breytinga, sem framangreint fyrirkomulag mundi leiða af sér fyrir samvinnu núverandi hluthafa og rekstrarskilyrði félagsins, er ráðuneytið þeirrar skoðunar að skynsamlegt mundi vera að taka til athugunar æskilegar eða nauðsynlegar breytingar á núverandi samningum, m. a. varðandi sölu, orkukaup og tæknisamvinnu.

Hins vegar mega væntanlegar viðræður ekki hafa áhrif á markaða stefnu núverandi hluthafa félagsins varðandi það að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur Íslenska járnblendifélagsins.

Virðingarfyllt,
Hjörleifur Guttormsson
iðnaðarráðherra.

(Pýðinguna staðfestir Hilmar Foss,
löggiltur skjalapýðandi og dómtúlkur.)

Fylgiskjal II.

Iðnaðarráðuneytið
25. maí 1983.

MÁLEFNI ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF. (Stöðuskýrsla til ráðherra.)

1. Inngangur

Rekstrarafkoma Íslenska járnblendifélagsins (ÍJ) hefur verið afar slæm allar götur síðan 1980. Samanlagt rekstrartap á árunum 1980—1982 reyndist nálægt 200 millj. norskra kr. Markaðsörðugleikar vegna efnahagskreppunnar; bæði sölutregða afurða og lágt verð á því magni sem tekist hefur að selja, valda hér mestu um. Tæknilegur rekstur hefur hins vegar verið með ágætum.

Talsvert hefur rofað til í rekstri fyrirtækisins á þessu ári, sérstaklega frá og með öðrum ársfjórðungi. Eftirspurn hefur verið góð. Verksmiðjan er nú rekin á fullum afköstum og söluverð afurða hefur hækkað um næstum þriðjung. Áætlað rekstrartap á árinu 1983 er nálægt 30 millj. norskra kr.

Vorið 1982 veitti Alþingi heimild til að ÍJ yrði veitt fjárhagsaðstoð úr ríkissjóði, bæði með beinum framlögum í formi hluthafalána og ríkisábyrgð á lántökum fyrirtækisins erlendis. Aðstoð þessi var veitt gegn því að hinn eignaraðilinn, Elkem A/S, legði fram samsvarandi aðstoð.

Nú hefur fyrirtækið fengið þá fjárhagsaðstoð úr ríkissjóði sem heimild er fyrir og stendur það nokkuð á endum að hún dugi til að fleyta fyrirtækinu yfir rekstrarerfiðleika efnahagskreppunnar og yfir í betra árferði sem nú er spáð á næstu árum.

Vegna hins mikla taps, sem ÍJ hefur orðið að þola á liðnum árum, er skuldbyrði fyrirtækisins hins vegar nú orðin mjög þung og vaxtaábyrgð afar mikil. Jafnframt er óvarlegt að gera ráð fyrir því að Elkem A/S takist verulega betur að koma afurðum fyrirtækisins í verð í efnahagskreppu framtíðarinnar. Af þessum sökum eru afkomuhorfur fyrirtækisins í framtíðinni ótryggar, svo ekki sé meira sagt, verði ekki ráðin bót á þeim fjárhagslegu og rekstrarlegu veikleikum sem lýst hefur verið.

2. Hugsanleg þátttaka þriðja aðila í ÍJ

Í því skyni að freista þess að ráða bóta á rekstrarerfiðleikum ÍJ til frambúðar hófu eignaraðilarnir, íslenska ríkið og Elkem A/S, viðræður við Sumitomo Corporation í lok árs 1982 um hugsanlega þátttöku síðastnefnda aðilans í rekstri ÍJ. Elkem A/S átti frumkvæðið að þessum viðræðum. Elkem átti þá, og á raunar enn, í miklum fjárhagserfiðleikum og hefur hug á að selja Sumitomo hluta af hlutafé sínu í ÍJ (allt að 25% af 45% eign Elkem) með þeim skilyrðum að söluandvirði renni til fjárstuðnings við ÍJ og gegn því að Sumitomo taki við verulegum hluta af framleiðslugetu ÍJ á viðunandi verði.

Þrjár viðræðufundir þessara þriggja aðila hafa nú verið haldnir og er sá fjórði áætlaður á Íslandi í fjórðu viku júní n. k. Einnig hafa verið haldnir allmargir samráðsfundir íslenska eignaraðilans og Elkem.

Í viðræðum þessum hefur íslenski aðilinn lagt áherslu á eftirfarandi:

- 1) Ísland getur fallist á eignaraðild Sumitomo að ÍJ ef vissum skilyrðum til þess föllnum að tryggja hagsmuni Íslands og ÍJ er fullnægt.
- 2) Helstu atriði af þessu tagi eru:
 - (i) Ísland haldi meirihlutaeign sinni í ÍJ.
 - (ii) Elkem verði áfram næststærsti eignaraðilinn að ÍJ.
 - (iii) Sumitomo kaupi fast lágmarksmagn af framleiðslu ÍJ, t. d. 15—20 þús. tonn árlega á verði sem nemi framleiðslukostnaði að viðbættum eðlilegum hagnaði.
 - (iv) Full nýting afkastagetu ÍJ verði tryggð.
 - (v) Samningar ÍJ og Elkem varðandi tækniþóknun og sölupóknun verði endurskoðaðir. (Óskað er eftir því að tækniþóknun lækki úr 3% í 0,5% og sölupóknun lækki eða falli niður).
 - (vi) Rafmagnssamningur ÍJ og Landsvirkjunar verði endurskoðaður með eftirfarandi fyrir augum:
 - (a) Forgangsortkuverð hækki í 17,5 mill.
 - (b) Orkuverðið verði verðtryggt.
 - (c) Orkuverðið verði ákveðið í SDR.
 - (d) Hlutfalli forgangs- og afgangsortku verði hugsanlega breytt.
 - (vii) ÍJ taki virkan þátt í markaðsfærslu afurða sinna.

Viðræðurnar hafa leitt í ljós að möguleikar virðast á samkomulagi við Sumitomo sem orðið getur ÍJ og íslenska eignaraðilanum mikil hagsbót. Til þess að slíkt samkomulag nái fram að ganga virðist þó nánast nauðsynlegt að fram fari mjög veruleg endurfjármögnun fyrirtækisins í því skyni að auka líkurnar á jákvæðri rekstrarafkomu þess í framtíðinni. Japanski aðilinn gerir þessa endurfjármögnun og arðsemi fyrirtækisins nánast að skilyrði fyrir þátttöku sinni. Á hinn bóginn virðist hann reiðubúinn til að fullnægja óskum Íslands hvað sölusamning snertir. Einnig er þess að geta að hagsmunir hans og Íslands fara saman hvað kröfur gagnvart Elkem, varðandi sölumál og tæknigjald, snertir. Endurfjármögnun ÍJ þýðir að líkindum verulegar nýjar fjárhagslegar skuldbindingar af Íslands hálfu. Þessar skuldbindingar má skoða sem nýja fjárfestingu og meta arðsemi hennar. Þeir reikningar, sem unnir hafa verið, benda til þess að endurfjármögnun sem þáttur í langtímasölusamningi við Sumitomo geti verið íslenska eignaraðilanum mjög hagstæð.

3. Endurfjármögnun ÍJ

Sú hugmynd að endurfjármögnun, sem rædd hefur verið, gæti litið út sem hér segir miðað við hámarksupphæðir:

Hluthafalánnum breytt í hlutafé	117 millj. norskar kr.
Nýtt hlutafé frá Íslandi	88 millj. norskar kr.
Nýtt hlutafé frá Elkem og Sumitomo	72 millj. norskar kr.
Sérstakt hluthafalán frá Íslandi	43 millj. norskar kr.
Samtals	320 millj. norskar kr.

Endanleg heildarupphæð endurfjármögnunarinnar gæti verið heldur lægri en hér er nefnt, eða á bilinu 250—320 millj. norskar kr. Verði samkomulag um lægri heildarfjármögnun er líklegt að sérstakt hluthafalán frá Íslandi lækki fyrst en síðar ný hlutafjárframlög hlutfallslega.

Samkvæmt þessu gæti hlutur Íslands í endurfjármögnuninni numið frá 138—195 millj. norskra kr. Af þeirri upphæð hefur Alþingi þegar heimilað framlag 68 millj. norskra kr. Heimildar til viðbótarskuldbindinga að upphæð 70—127 millj. norskra kr. er því nauðsynlegt að afla.

Samkvæmt þeim hugmyndum, sem ræddar hafa verið, gæti fjármögnun þessarar upphæðar orðið tiltölulega auðveld. Til greina kemur að Ísland greiði fram sinn hlut með yfirtöku langtímaláns ÍJ. Útborganir Íslands næmu því aðeins vöxtum og afborgunum á ári hverju, þ. e. nálægt 16—29 millj. norskra kr. á ári. Sem fyrr segir benda reikningar til að frá sjónarmiði Íslands gæti endurfjármögnun með þessum hætti borgað sig hratt og vel. Í því sambandi skiptir mestu að tekjuskattur, sem einungis fellur Íslandi í skaut, getur orðið mjög verulegur árlega ef endurfjármögnunin gerir fyrirtækið eins arðbært og reiknað er með.

Varðandi endurfjármögnun með þeim hætti, sem lýst hefur verið, virðist sjálfsagt að Ísland geri eftirfarandi kröfur til viðbótar þeim sem lýst hefur verið:

1. Endurgreiðsla sérstaks vaxtalaus hluthafaláns verði eins hröð og greiðslustaða fyrirtækisins leyfir.
2. Ísland eigi kost á því að breyta útistandandi sérstöku hluthafaláni í hlutabréf á sama verði og Sumitomo kaupir þau.
3. Skattinneign (tapsreikningur) ÍJ í árslok 1983 verði felldur niður. (Þetta er nánast skilyrði fyrir hagkvæmni endurfjármögnunarinnar frá sjónarmiði Íslands.)
4. Hluti af hagnaði fyrirtækisins á næstu árum verði lagður í innlendan fjárfestingarsjóð.

Fylgiskjal III.

SKIPUNARBRÉF VIÐRÆÐUNEFNDAR VIÐ SUMITOMO OG ELKEM.

Iðnaðarráðuneytið
23. maí 1983

Ráðuneytið hefur ákveðið að setja á fót nefnd til að annast viðræður við Sumitomo Corporation og Elkem A/S varðandi hugsanleg kaup fyrrnefnda fyrirtækisins á hluta af hlutafjáreign hins síðarnefnda í Íslenska járnblendifélaginu hf. og langtímasamning um kaup Sumitomo á afurðum Íslenska járnblendifélagsins.

Nefndin skal í starfi sínu kappkosta að tryggja hagsmuni Íslands. Er í því sambandi m. a. vísað til bréfs ráðuneytisins til Elkem A/S, dags. 1. nóvember 1982, og enn fremur eftirfarandi atriða:

- 1) Rekstrarafkomu og rekstraröryggis Íslenska járnblendifélagsins.
- 2) Fjárútláta ríkissjóðs til Íslenska járnblendifélagsins og skuldabyrði landsins út á við.
- 3) Arðs og skatttekna ríkissjóðs af rekstri Íslenska járnblendifélagsins.
- 4) Verðs á raforku til Íslenska járnblendifélagsins.
- 5) Greiðslu tæknigjalds og sölubóknunar til Elkem.
- 6) Stefnu stjórnvalda varðandi framtíð orkufreks iðnaðar á Íslandi.

Nefndin skal gera ráðherra grein fyrir stöðu mála og starfi sínu með reglubundnum hætti.

Í nefndina eru skipaðir: Páll Flygenring ráðuneytisstjóri, formaður, Hermann Sveinbjörnsson deildarstjóri og Ragnar Árnason hagfræðingur.

Póknun fyrir störf nefndarinnar verður ákveðin af „Póknananeftnd fjármálaráðuneytisins“.

Hjörleifur Guttormsson.

Árni P. Árnason.

Fylgiskjal IV.

ÚR RAFMAGNSSAMNINGI MILLI LANDSVIRKJUNAR OG ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGSINS HF.

21. gr. — Samningstími

(1) Samningur þessi öðlast gildi við undirritun af hálfu aðila hinn 28. maí 1975 og skal haldast í gildi hér eftir, eins og honum hefur verið breytt með fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn, um tuttugu (20) ára skeið frá fyrsta afhendingardegi rafmagns að telja („samningstími“), en falla þá úr gildi án uppsagnar. Innan fimmtán (15) ára frá fyrsta afhendingardegi rafmagns skulu aðilarnir þó hafa lokið viðræðum varðandi framlengingu á samningi þessum um ekki minna en tíu (10) ára skeið frá ofangreindum lokadegi hans, með skilmálum sem báðir geti fellt sig við.

(2) Ákvæði 11. gr. um verð eru sett með hliðsjón af ástandi því sem búist er við á mörkuðum fyrir raforku og í samkeppni innan ferrosilikoniðnaðarins á gildistíma samnings þessa. Ef verulegar breytingar verða á því ástandi eftir gildistöku samningsins, einkum að því er varðar (a) hlutfallslega afstöðu milli orkuverðs á Íslandi og á erlendum mörkuðum er þjóna orkufrekum iðnaði, (b) gengisskráningu þeirra gjaldmiðla sem máli skipta um starfsemi aðilanna, eða (c) samkeppnisástöðu bræðslunnar á erlendum mörkuðum hennar að því er tekur til orkuverðs og ef framangreind ákvæði verða bersýnilega ósanngjörn gagnvart öðrum hvorum aðilanum vegna þessara breytinga, getur sá aðilanna krafist þess að samningur verði teknir upp um breytingu á þessum ákvæðum. Sérhver slík breyting skal gilda í minnst fimm almanaksár, nema um annað semjast þegar hún er gerð.